

Dýraverndarsamband Íslands
Grensásvegi 12a
dyravernd@dyravernd.is
sími: 552 3044

Reykjavík, 5. maí 2014

Umsögn um reglugerð um aðbúnað hesta

Dýraverndarsamband Íslands fagnar nýrri reglugerð um velferð hrossa. DÍS áréttar að mikilvægt er að reglugerðir séu ítarlegar, en það auðveldar mjög störf eftirlitsaðila og tryggir betur velferð dýra.

Hvergi er að finna ákvæði í reglugerðinni um að halda skuli dagbækur sem sýni tíðni og tímalengd notkunar á hestum í atvinnuskyni í stærri hestaleigum, reiðskólum, lengri hestaferðum í atvinnuskyni, **blóðtöku hryssa** og annað skylt.

Einnig vantar að rekstraraðili slíkrar starfsemi þurfi að ábyrgjast að starfsmenn hans hafi grunnþekkingu á þörfum og umönnun hesta og haldi skrá um það.

Einnig vantar í reglugerðina grein um ræktun og æxlun til samræmis við aðrar reglugerðir og teljum við til að mynda að áriðandi sé að tiltaka hámarksfjöldi hryssa hjá hverjum stóðhesti.

5. grein um getu hæfni og ábyrgð; Við leggjum til að eftirfarandi texti verði settur inn í samræmi aðrar reglugerðir; „óheimilt er að selja, gefa eða afhenda dýr einstaklingi sem ástæða er til að ætla að hafi ekki aðbúnað og getu til að annast dýrið.”

6. grein um hreyfingu og félagslegt atferli; telur stjórn DÍS að taka þurfi tillit til þess að hestar eru hópdýr og ætti aldrei leyfa að halda einstök dýr eða einangra þau, heldur þurfi þau að hafa félagsskap af öðrum dýrum, helst sömu tegundar. Við gerum alvarlega athugasemd við í reglugerðinni séu undanþáguákvæði frá þessari meginreglu um þarfir hópdýra.

Dýraverndarsamband Íslands áréttar nauðsyn þess að grasbítar hafi samfellda útivist við beit. Svo tryggt sé að útisvist sé til beitar en ekki til málamynda viljum við að bætt sé við textann „skulu hafa greiðan og frjálstan aðgang í að minnsta kosti hálfan sólarhring samfleytt hverju sinni” að beit á grónu landi í 8 vikur á (tilteknu tímabili). Einnig að bætt sé inn setningunn „útisvæði skuli vera þess eðlis að öryggi hestanna sé tryggt og þeim stafi ekki slyshætta af.”

Verði þetta orðalag ekki valið óskum við eftir að orðalag reglugerðarinnar sé afdráttarlaust um það að hestar skuli njóta eðlilegrar beitar, en ekki sé nóg að þeim sé hleypt út til málamynda stutta stund hvern dag, jafnvel á nagaða bletti.

9. grein um tamningar þjálfun, sýningar og keppni; leggjum við til að bætt verði við fyrstu málsgrein setningunni „við þjálfun hrossa skal einungis notast við þjálfunaraðferðir þar sem ekki er beitt þvingunum og refsingum, til dæmis með jákvæðri styrkingu. Einnig leggjum við til að eftirfarandi málsgrein verði bætt inn í reglugerðina á eftir ákvæði um hljóðstyrk; „mótshaldari ber ábyrgð á að fánar og annað skraut trufli ekki eða hræði hesta í keppni”.

Að lokum viljum við að í 9 grein verði bætt við setningunni „hross sem ætlunin er að nota í sýningum eða keppnum, þ.m.t við töku kvikmynda og á mannamótum skulu hafa hlotið viðeigandi þjálfun til að koma í veg fyrir ótta og streitu.”

10. grein um fóðrun beit og brynningu; teljum við að bæta þurfi inn ákvæði um að þar sem hestum er gefið, sérstaklega á gólf, skuli fóðursvæði og aðgengi að því skal vera hreint og þurrt og að sópað sé undan þegar gefið er á gólf.

11. grein um ræktun og æxlun; teljum við nauðsynlegt að þar sé gerð krafa um að ekki séu notuð dýr til undaneldis sem ekki eru í eðlilegum holdum samkvæmt holdastigun í viðauka. Einnig að tekið verði tillit til velferðarsjónarmiða við ræktun þannig að ekki séu notuð dýr sem vitað er að gefa afkvæmi sem ekki geta þroskast eðlilega, eða hafi þannig vöxt að valdið geti verulegum burðarerfiðleikum.

13. grein; leggjum við til að lokasetningar fyrstu málgreinar verði; „óheimilt er að nota áhöld við rekstur hesta sem geta valdið þeim limlestinum, kvölum eða óþarfa streitu og ótta, svo sem barefli. Óheimilt er að nota tæki sem gefa rafstuð”.

15. grein; leggjum við til að þar sem fjallað er um lýsingu sé bætt inn eftirfarandi setningu „óheimilt er að hafa stöðuga sterka lýsingu á legusvæði hesta yfir nætur, en leyfilegt er að hafa ratljós um nætur að hámarki 5 lúx”.

Varðandi ákvæði til bráðabirgða um lágmarksstærð útgerða við hesthús teljum við að bæta þurfi við sólarlagsákvæði um að kröfu um 20 fm á hest skuli uppfylla hjá eldri húsum þar sem því verði við komið og gefinn til þess hæfilegur frestur.

Varðandi viðauka 1 gerir Dýraverndarsamband Íslands alvarlega athugasemd við að undanskilin úttektarskyldu í viðauka sé starfsemi á borð við stærri hestaleigur, stærri reiðskóla og langar skipulagðar ferðir þar sem hestar eru leigðir, sem flokkast undir atvinnustarfsemi.

Að öðru leyti er DÍS ánægt með þessa nýju reglugerð og telur að í henni séu mörg ákvæði sem eru mjög til bóta varðandi velferð sauðfjár og geitfjár.

Virðingarfyllst,
Stjórn Dýraverndarsambands Íslands



Dýralæknafélag Íslands
Skólavörðustíg 35
101 Reykjavík

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ


Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is www.anr.is


Reykjavík 9. desember 2013
Tilv.: ANR13100282/4.2.8

Þann 1. janúar 2014 taka gildi heildarlög nr. 55/2013 um velferð dýra. Ráðherra skipaði 3. maí 2013 sjö starfshópa sem falið var að gera tillögur að reglugerðum um velferð sauðfjár og geita, nautgripa, hrossa, svína, alifugla hvort sem er í eggja- eða kjötframleiðslu, loðdýra þ.m.t. kanínur og gæludýra þ.m.t. hundar, kettir o.s.frv. Starfshópur um velferð hrossa hefur nú skilað tillögum sínum til ráðuneytisins.

Meðfylgjandi eru drög að reglugerð um velferð hrossa. Ráðuneytið stefnir að því að reglugerð um velferð hrossa verði birt fyrir 1. janúar 2014 þegar framangreind lög nr. 55/2013 um velferð dýra taka gildi. Ráðuneytið óskar eftir umsögn Dýralæknafélags Íslands um meðfylgjandi drög og er þess óskað að umsögn berist atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík eigi síðar en **föstudaginn 19. desember 2013.**

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


Halldór Runólfsson


Rebekka Hilmarsdóttir

Reglugerð um velferð hrossa

I. KAFLI

Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

Tilgangur og gildissvið

Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði allra hrossa með góðri meðferð, umhirðu og aðbúnaði. Leitast skal við að hross geti lifað í samræmi við sitt eðlilega atferli eins og framast er kostur. Í reglugerðinni koma fram lágmarkskröfur um einstök atriði.

2. gr.

Skilgreiningar

1. *Aðbúnaður*: Húsakostur, hrossaskjól, gerði og girðingar.
2. *Dýrahald*: Hvert það fyrirkomulag þar sem dýr eru haldin, hvort sem það er í atvinnuskyni eða ekki.
3. *Harðýðgi*: Gróf valdbeiting, svo sem barsmiðar, þrengja að blóðrás til heila (hengja), snúa hross niður á eyrum, uppgefa hross til dæmis með bindingum eða gefa þeim rafstuð.
4. *Knapi*: Hver sá sem ríður hrossi, vinnur með hross í hendi eða þjálfar með öðrum hætti.
5. *Meðferð*: Öll umgengni manna við hross, svo sem við föngun og notkun til reiðar, burðar, dráttar, ræktunar eða annarrar framleiðslu/nýtingar auk aðferða við tamningu og þjálfun.
6. *Meðhöndlun*: Aðgerð, önnur en lækni- eða skurðaðgerð, þar sem gripið er inn í líkama eða atferli dýra, svo sem fæðingarhjálp, járningar eða snyrting.
7. *Stórmót*: Landsmót hestamanna, Íslandsmót í hestaíþróttum og önnur sambærileg mót að sömu stærð og umfangi.
8. *Sýning*: Kynbótadómar, reiðsýningar, yfirlitssýningar og aðrar sambærilegar sýningar.
9. *Umhirða*: Fóðrun, beitarstýring, smitvarnir og eftirlit með holdafari og heilbrigði.
10. *Umráðamaður*: Eigandi hross, skráður eigandi í gagnagrunni Bændasamtaka Íslands, WorldFeng (WF), stjórnarformaður félags sem er skráður eigandi í WF eða annar sem tekið hefur að sér ábyrgð fyrir umsjá á hrossi.

II. KAFLI

Úttekt og eftirlit

3. gr.

Úttekt

Umráðamanni dýrahalds eða starfsemi sem talin er upp í viðauka I ber að tilkynna Matvælastofnun um fyrirhugaða starfsemi eigi síðar en þremur mánuðum áður en áætluð starfsemi hefst. Matvælastofnun skal taka út fyrirhugaða starfsemi innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningar. Óheimilt er að hefja starfsemi áður en staðfesting Matvælastofnunar liggur fyrir um að skilyrði varðandi húsakost, búnað og þekkingu sem sett eru í reglugerð þessari séu uppfyllt.

4. gr.

Opinbert eftirlit

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari. Matvælastofnun fer með framkvæmd reglugerðarinnar og hefur eftirlit með að ákvæðum hennar sé fylgt. Umráðamanni hrossa ber að tryggja gott aðgengi eftirlitsaðila að öllum hrossum og öllum þeim stöðum þar sem hross eru haldin.

III. KAFLI

Meðferð og umhirða

5. gr

Þekking og hæfni

Hver sá sem heldur hross skal hafa aflað sér grunnþekkingar á eðli þeirra og þörfum. Þeir sem reka tæknivæddar þjálfunarstöðvar fyrir hross og/eða starfsmenn þeirra skulu auk þess geta sýnt fram á þekkingu á þjálfunarlífeðlisfræði hrossa eða sambærilega mentun. Endurhæfing hrossa vegna álagssjúkdóma eða annara veikinda skal eingöngu eiga sér stað samkvæmt tilvísun frá dýralækni.

6. gr

Hreyfing og félagslegt atferli

Húsvist og annað hrossahald skal taka mið af félagslegum og líkamlegum þörfum hrossa.

Innréttingar hesthúsa skulu tryggja hrossum næði til að hvílast og nærast án stöðugs áreitis og/eða yfiringangs frá öðrum hrossum. Innréttingar mega ekki byrgja hrossum sýn til annara hrossa á húsi. Óheimilt er að setja rafstreng á innréttingar í hesthúsum.

Hross á húsi skulu fá hreyfingu eða aðra útivist að lágmarki í eina klukkustund á dag, nema sjúkdómar eða veður hamli. Óheimilt er að hafa hross ein á húsi eða í beitarhólfum. Undanþegnar eru skammtímarádstafanir, styttri en 5 dagar og tímabundin útiganga stóðhesta, allt að einn mánuður.

Hross skulu hafa aðgang að beit í a.m.k. tvo mánuði á tímabilinu 1. júní til 1. október. Hross á útigangi skulu hafa aðgang að beit nema snjóalög hamli.

7. gr.

Meðferð

Bannað er að meiða hross, beita þau harðýðgi eða annarri illri meðferð.

8. gr

Notkun

Knapi ber fulla ábyrgð á hrossum sem hann notar til reiðar eða annarar vinnu. Eingöngu skal nota heilbrigð hross til reiðar, burðar eða dráttar. Álag á hross má aldrei vera meira en þrek þeirra og annað líkamlegt ástand leyfir. Koma skal í veg fyrir að hross ofkælist eftir notkun. Þess skal gætt að reiðtygi passi vel og notkun þeirra valdi ekki sárum eða öðrum skaða. Hross skulu járnúð ef hætta er á að hófar slitni til skaða við notkun eða rekstur.

9. gr

Tamning, þjálfun, keppni og sýningar

Ekki má nota búnað eða aðferðir við tamningu, þjálfun, keppni eða sýningar sem valda hrossum skaða eða óþarfa ótta. Bannað er að þvinga hross í höfuðburð með búnaði sem ekki gefur eftir.

Aðeins má nota heilbrigð hross í góðri þjálfun til keppni eða sýninga og ekki fylfullar hryssur sem gengnar eru með lengur en 4 mánuði. Mótshaldara ber að skipuleggja dagskrá og fyrirkomulag móta með velferð hrossa í fyrirrúmi. Hvert hross má ekki koma fram í keppni eða sýningu oftar en tvisvar á sama degi.

Mótshaldari ber ábyrgð á að hljóstyrkur tónlistar á keppnis- eða sýningarsvæði hrossa fari ekki yfir mörk sem sett eru í c-lið II. viðauka.

Á stórmótum skulu mótshaldarar sjá til þess að öll hross undirgangist heilbrigðisskoðun skv. fyrirkomulagi sem samþykkt hefur verið af Matvælastofnun. Niðurstöður þeirra skoðana skulu birtar opinberlega og nýttar til fyrirbyggjandi aðgerða sbr. 1. mgr.

10. gr.

Fóðrun, beit og brynning

Hross skulu hafa aðgang að hreinu og ómengduðu drykkjarvatni eða snjó. Óheimilt er að hafa hross án vatns lengur en sex klst. og án fóðurs lengur en 14 klst. Folaldshryssur er óheimilt að hafa án vatns eða fóðurs lengur en tvær klst.

Fóður skal að magni, gæðum og næringarinnihaldi fullnægja þörfum hrossa til vaxtar, viðhalds og notkunar. Hross skulu hafa aðgang að fóðri a.m.k. tvisvar á sólarhring og skal aðgangur að gróffóðri aldrei vera minni en sem svarar til 4 kg af þurru heyi, daglega, fyrir hvern hest. Forðast skal allar snöggar fóðurbreytingar og aðeins nota óskemmt fóður. Koma skal í veg fyrir að undirlag vaðist upp þar sem hrossum er gefið utan dyra. Þar sem 40 hross eða fleiri eru fóðruð á útigangi skal flokka hrossin eftir fóðurþörfum og halda mismunandi hópum aðskildum. Fóðrun skal hagað þannig að öll hross í hverjum hópi komist að fóðrinu samtímis.

Hross skulu alla jafna ekki vera grennri en sem nemur reiðhestsholdum (holdastig 3). Að öðrum kosti skulu þau njóta hvíldar og/eða sérstakrar umhirðu, fóðrun tafarlaust bætt og aðgangur að góðu skjóli tryggður. Holdastig undir 2 telst til illrar meðferðar. Gera skal ráðstafanir til að hross verði ekki feitari en sem nemur holdastigi 4,5 en þó skal gæta að skilyrðum 1. og 2. mgr. um fóðrun.

Við mat á holdafari hrossa skal farið eftir viðauka III við reglugerðina, um holdastigun.

11. gr

Heilbrigði og forvarnir

Umráðamaður skal fylgjast með holdafari og heilbrigði hrossa í hans umsjá og kalla til dýralækni ef með þarf. Hann skal koma í veg fyrir að ormasmit nái að magnast upp með beitarstýringu og/eða ormalyfjagjöf. Hann skal tryggja að hross líði ekki fyrir vanhirðu svo sem með því að halda hrossum hreinum, verja þau ytri óværu og hirða hófa. Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að hross sé haldið alvarlegum eða áður óþekktum smitsjúkdómi er skylt að tilkynna það héraðsdýralækni þegar í stað. Dauð hross skal tafarlaust fjarlægja úr umhverfi lifandi hrossa.

12. gr

Eigið eftirlit

Daglegt eftirlit skal hafa með hrossum sem haldin eru á húsi. Vikulegt eftirlit skal hafa með hrossum sem ganga úti á beit eða á gjöf. Undanþegin eru hross á afrétti á sprettutíma. Aukið eftirlit skal haft með nýfæddum, sjúkum og slösuðum dýrum og hryssum nálægt köstun.

Umráðamaður stóðhests skal hafa daglegt eftirlit með stóðhestagirðingu. Umráðamaður ber ábyrgð á að hryssur og folöld sem verða fyrir áreiti eða slysum í girðingunni séu tekin frá. Kalla skal til dýralækni ef þörf er á, í samráði við eiganda.

Stöðugt eftirlit skal vera með hestum sem þjálfaðir eru í hringekju, hlaupabrettum og öðrum tækjum á meðan á þeirri þjálfun stendur.

13. gr

Aðgerðir

Við sársaukafulla aðgerð eða meðhöndlun skal ávallt deyfa eða svæfa hross og veita því verkjastillandi meðhöndlun.

Yfirdýralæknir ákveður hvaða aðgerðir eða meðhöndlunir falla undir 1. mgr.

Ekki má framkvæma aðgerðir á hrossum, þ.á.m. á tönnum þeirra, án læknisfræðilegrar ástæðu. Þó er heimilt að eyrnamarka hross, gelda hesta og fjarlægja úlfstennur að uppfylltum ákvæðum 1. mgr.

Um aðgerðir gildir annars ákvæði 16. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

14. gr

Aflífun

Þeir einir mega aflífa hross sem hafa aflað sér til þess viðhlýtandi þekkingar. Aflífa skal hross með skoti í mitt enni (3-4 fingurbreiddum eða 10-15 cm neðan við rót ennistopps) með nægilega öflugum skotvopni eða pinnabyssu sem sérstaklega er ætluð til aflífunar stórgripa, og blóðgun strax á eftir. Forðast skal að önnur dýr verði þess vör. Tryggja skal að hross hafi misst meðvitund áður en blóðgun á sér stað. Ekki er heimilt að aflífa hross með blóðgun einni saman og ekki með raflosti. Aðeins dýralæknum er heimilt að aflífa með lyfjum.

Skylt er að aflifa alvarlega veik og/eða slösuð hross eins fljótt og auðið er, ef meðhöndlun er ekki möguleg.

IV. KAFLI
Aðbúnaður

15. gr

Hesthús

Stíur í hesthúsum skulu vera það stórar að hross geti auðveldlega legið og snúið sér innan þeirra. Þær skulu uppfylla kröfur um lágmarksstærðir sem fram koma í a-lið viðauka II við reglugerð þessa. Folaldshryssur og fylfullar hryssur, á síðustu fjórum mánuðum meðgöngu, má einungis halda í stíum sem að lágmarki eru 8 fermetrar að flatarmáli og þar sem einstaklingsfóðrun er tryggð. Bása má einungis nota tímabundið og óheimilt er að hross sé bundið lengur en 5 daga samfellt, hvort heldur í stíu eða á bás. Steypt gólf í stíum og básum skulu klædd gúmmímottum eða öðru mjúku efni. Bil undir milligerði í stíum skal ekki vera meira en 4 cm.

Þar sem ekki er hreinsað daglega skal borið undir hrossin til að koma í veg fyrir bleytu og hálfu og þannig viðhaldið að dýrin haldist hrein og þurr.

Á hesthúsum skulu vera gluggar sem tryggja að öll hross í húsinu njóti dagsbirtu. Önnur lýsing skal vera næg svo ávallt sé hægt að fylgjast með hrossunum.

Loftræsting skal vera góð og koma skal í veg fyrir dragsúg í húsum, en loftskipti skulu vera næg til að magn skaðlegra lofttegunda sé að jafnaði innan viðurkenndra hættumarka sbr. b-lið viðauka II við reglugerð þessari.

Híta- og rakastigi skal haldið jöfnu og innan þeirra marka sem tilgreind eru í b-lið viðauka II. Óheimilt er að hafa hross í stöðugum hávaða og skal hljóðstyrkur í hesthúsi vera innan þeirra marka sem um getur í c-lið viðauka II við reglugerð þessa.

16. gr

Gerði

Hvert hross sem haldið er á húsi skal hafa að lágmarki 20 fermetra rými í útigerði en þó má gerði við hesthús aldrei vera minna en 100 fermetrar og skemmsta hlið ekki minni en 5 metrar. Undirlag í gerðum skal vera þannig að hross vilji og geti velt sér. Afrennsli skal vera gott þannig að ekki myndist svað í vætutíð og skipta skal um yfirborðslag eftir þörfum.

Hross sem haldin eru daglangt í gerðum eða öðrum beitarlausum hólfum þurfa sama rými og getið er í 1. mgr. og aðgang að vatni. Óheimilt er að nota gaddavír eða háspenntar rafgirðingar í gerði.

17. gr

Útigangur

Þar sem hross eru höfð á útigangi skal vera aðstaða til að reka þau í aðhald svo hægt sé að sinna eftirliti, umhirðu og meðferð skv 1. mgr 11 gr.

Hross sem ganga úti skulu geta leitað skjóls fyrir veðri og vindum. Þar sem fullnægjandi náttúrulegt skjól, svo sem skjólbelti, klettar, hæðir, lautir, hvíltir, háir skurðruðningar eða sambærilegt, er ekki fyrir hendi skulu hross hafa aðgang að manngerðum skjólveggjum sem mynda skjól úr helstu áttum. Hver skjólveggur skal að lágmarki vera 2 m. á hæð og svo langur að öll hross hjarðarinnar fái notið skjóls. Skjólveggir skulu traustlega byggðir þannig að þeir valdi ekki slyshættu né hræðslu hjá hrossum. Við eftirlit og mat á aðbúnaði hrossa á útigangi hrossaskjóla skal litið heildstætt á þá þætti sem hafa áhrif á velferð hjarðarinnar svo sem fóðurástand, landgæði, skjól og veðurfar á svæðinu.

18. gr

Slysavarnir

Innréttingar í hesthúsum, s.s. stíuveggir, gólf, jötur og brynningaskálar skulu þannig gerðar að ekki skapist hættu á að hestar festi þar fætur eða höfuð. Glugga, ljós og rafmagnsleiðslur skal verja þannig að ekki valdi slysum. Gólf skulu vera með stömu yfirborði og ganga skal frá niðurföllum, taðþróm og haughúsum þannig að ekki skapist hættu á slysum. Frágangur dyra og ganga skal vera þannig að fljótlegt sé að rýma hesthús í neyðartilvikum. Hindrunarlaus umferðarbreidd dyra skal vera að lágmarki 1,2 m og skulu minnst tvennar dyr vera á hverju húsi. Eldvarnir skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð og reglugerð um slökkvitæki.

Fóðurbættisgeymslur skulu tryggilega varðar fyrir aðgangi hrossa.

Girðingar skulu vera traustar og þannig gerðar að þær valdi ekki slysum. Forðast skal að nota ristahlið á girðingar umhverfis hrossahólf eða þar sem umferð hrossa er mikil. Um hrossagirðingar fer að öðru leyti eftir ákvæðum reglugerðar nr. 748/2002 um girðingar.

19. gr.

Smitvarnir

Hesthús og umhverfi þeirra skal vera þrífalegt. Í hesthúsum skal vera aðstaða til þrifa á fótabúnaði og höndum eða viðeigandi hlífðarfatnaður. Í byggingar og innréttingar skal nota efni sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa og skal það gert ef hætta er á að hættulegt smitefni sé til staðar. Óheimilt er að nota hvers konar hættuleg og heilsuspillandi efni í umhverfi hrossa.

Á stórmótum skal liggja fyrir sértæk viðbragðsáætlun, samþykkt af Matvælastofnun, ef upp kemur grunur um smitsjúkdóm.

Þar sem hross eru þjálfuð á vatnsbrettum eða í sundlaugum skal gæta sérstakra smitvarna. Hindra skal að sjúkdómsvaldandi bakteríur vaxi í vatni sem notað er við slíka þjálfun með grófhreinsun vatnsins og klórun eða annarri efnameðhöndlun og halda yfir það dagbók. Í dagbókina skal einnig skrá hvaða hross eru þjálfuð með þessum hætti og heilbrigði þeirra. Dagbókin skal vera aðgengileg eftirlitsaðilum í allt að tvö ár.

V. KAFLI

Refsiákvæði og gildistaka

20. gr.

Refsiákvæði

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Meðferð mála út af brotum á reglugerðinni fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

21. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55/2013 um dýravelferð og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2014. Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð nr. 160/2006 um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit hrossa.

Ákvæði til bráðabirgða

Krafa samkvæmt reglugerð þessari um að hverju hesthúsplássi fylgi 20 fermetra rými í gerði gildir fyrir hesthús byggð eftir 1. janúar 2014.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, xx.xxx 2013.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Sigurður Ingi Jóhannsson

Rebekka Hilmarsdóttir

VIÐAUKI I

Úttektarskyld starfsemi.

Tilkynninga- og úttektarskyld starfsemi er eftirfarandi:

- Landsmót hestamanna
- Íslandsmót í hestaþróttum
- Tæknivæddar þjálfunarstöðvar
- Endurhæfingarstöðvar fyrir hross
- Hestahald þar sem framkvæmd er blóðtaka úr hrossum til framleiðslu og/eða vinnslu afurða.

VIÐAUKI II

A. Rými í stíum og básastærðir (lágmarksmál)

Skemmsta hlið stíu skal ekki vera styttri en 150 sm fyrir folöld og trippi, og ekki styttri en 180 sm fyrir hross þriggja vetra og eldri. Stíur skulu ekki vera minni að flatarmáli en hér segir:

Hross, þriggja vetra og eldri	4,0 m ²
Folöld og trippi, yngri en þriggja vetra	3,0 m ²

Básar til tímabundinnar notkunar:

Lengd	165 sm
Breidd	110 sm

B. Loftræsting

Lágmarksloftræsting í hesthúsum skal miða við að unnt sé að halda loftraka innan við eftirfarandi mörk.

Hitastig, °C	Loftraki, %
-20 til -5	95
-5 til 0	95-90
0 til 5	90-85
5 til 10	85-80
10 til 15	80-75
15 til 20	75-70

Magn hættulegra lofttegunda skal að jafnaði ekki vera meira en sem hér segir.

Lofttegund	Styrkleiki
CO ₂	3000 ppm
NH ₃	20 ppm
H ₂ S	0,5 ppm

Við hönnun loftræstikerfis skal leitast við að lofthraði umhverfis hrossin fari ekki yfir 0,2 m/sek.

C. Hljóðstyrkur

Hljóðstyrkur skal að jafnaði ekki fara yfir 60 dB í hesthúsum og 90 dB á hestasýningum (A).

VIÐAUKI III

<i>Holdastig</i>	<i>Stutt lýsing</i>	<i>Lengri lýsing</i>
1	Grindhóraður	Öll rifbein sjást, skinnið er strengt á beinin og hvergi fitu að finna. Mikið gengið á vöðva, makki fallinn, herðar og hryggsúla standa mikið upp úr, lend holdlaus. Hesturinn hengir haus og sýnir lítil viðbrögð við ytra áreiti.
1,5	Hóraður	Heilsutjón er varanlegt og rétt er að aflífa hross í þessu ásigkomulagi. Flest rifbein sjást. Fastur átöku. Verulega tekið úr hálsi, baki og lend. Hárafar er gróft, strítt og matt.
2	Verulega aflagður	Mikil hætta að hrossið nái sér ekki að fullu. Flest rifbein finnast greinilega, og þau öftustu sjást. Örlítill fita undir húð yfir fremri rifbeinum. Vöðvar teknir að rýrna, tekið úr makka og lend, hálsinn þunnur. Hryggsúla og herðar sjást vel. Hárafar matt og hrossið vansælt.
2,5	Fullþunnur	Yfir tveim-fjórum öftustu rifbeinum er mjög lítil fita, sem gjarnan er föst átöku, nema hrossið sé í bata. Vöðvar í lend, baki og hálsi ekki nægjanlega fylltir. Hrossið er í tæpum reiðhestsholdum og þarf að bæta á sig.
3	Reiðhestshold	Tvö-fjögur öftustu rifbein finnast greinilega við þreifingu en sjást ekki. Yfir þeim er þunnt og laust fitulag (ca 1 cm). Lendin er ávöl og hæfilega fyllt. Bakið fyllt og jafnt hryggsúlu. Hárafar slétt og jafnt
3,5	Ríflegur	Yfir tveim-fjórum öftustu rifbeinum er gott og laust fitulag. Öftustu rifbein má samt greina. Lend, bak og háls eru fallega vöðvafyllt og fitusöfnun má oft merkja t.d. fyrir aftan herðar. Hrossið er í ríflegum reiðhestsholdum og hefur nokkurn forða til að taka af.
4	Feitur	Þykk fita á síðu, rifbein verða ekki greind. Bak mjög fyllt og hryggsúlan oft örlítið sokkin í hold.
4,5	Mjög feitur	Greinileg fitusöfnun í hálsi, aftan við herðar og á lend
5	Afmyndaður	Rifbein finnast alls ekki, fitan mjög þétt átöku. Laut eftir baki og mikil dæld í lend. Keppir og hnyklar af fitu, á síðu, hálsi, lend.

Notkun á skalanum.

Reiðhestshold eru eins og nafnið bendir til hæfileg hold á hesti í brúkun og einnig telst það holdafar viðunandi fyrir útigönguhross að vori. Hins vegar eru reiðhestshold knöpp að hausti eigi hrossið að ganga úti yfir veturinn. Hross sem eru að fara á útigang þurfa síðla hausts að hafa gott fitulag undir húð (holdastig 3,5-4). Það virðist auka kuldaþol þeirra og gerir þau betur í stakk búin að standa af sér illviðri. Æskilegt er að hross séu í ríflegum reiðhestsholdum þegar lagt er upp í langferð.

Holdastig 2 telst ábótavant fódurástand. Þannig hross þarf að fódra sérstaklega, og tryggja aðgang að mjög góðu skjóli í eða við hús. Holdastig undir 2 telst til illrar meðferðar.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Drög 15. nóvember 2013*

Hafi hrossið holdastig 4 er það orðið vel fett og því vel undir útigang búíð. Ástæðulaust er að hross séu feitari en svo. Hross sem eru með 5 í holdastig hafa haft óhóflegan aðgang að fódri og telst það ekki góð meðferð enda getur það komið niður á heilsufari þeirra.*

*Heimild: Guðrún Stefánsdóttir og Sigríður Björnsdóttir.